

Utanríkismálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 4. júní 2019

Efni: Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) við frumvarp til laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingavopn. 774. mál, 149. löggjafarþing 2018–2019

I. Um frumvarpið

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er tilgangur laganna að hindra fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu og fjármögnun geryðingavopna. Mælt er fyrir um frystingu fjármuna samkvæmt þvingunaraðgerðum sem ákveðnar eru af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á grundvelli 41. gr. sáttamála Sameinuðu þjóðanna, af alþjóðastofnunum og af ríkjahópum og innleiddar eru með stoð í 1. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, sbr. 3. mgr. 4. gr. þeirra laga.

II. Umsögn laganefndar

Í frumvarpinu er ekki að finna sérstaka skilgreiningu á því hverjar hinar alþjóðlegu þvingunaraðgerðir eru þótt vísað sé til laga nr. 93/2008 þar að lútandi. Tilefni kann að vera til að bæta við slíkri skilgreiningu í texta frumvarpsins sjálfs, til að auka skýrleika þess.

Þá er í frumvarpinu iðulega vísað til „lista yfir þvingunaraðgerðir“ sem heldur er ekki skilgreint í frumvarpinu. Tilefni kann að vera til að bæta við slíkri skilgreiningu í texta frumvarpsins sjálfs, til að auka skýrleika þess.

Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði, sem ætla má að sé grundvallarákvæði í frumvarpinu. Þar segir að skylt sé að frysta fjármuni og efnahagslegan auð í samræmi við reglugerðir sem settar eru á grundvelli „laga um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir“ (áh. laganefndar) og koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning og önnur viðskipti og hindra þannig að aðilar „á listum yfir þvingunaraðgerðir“ (áh. laganefndar) fái greiðslur í hendur eða geti nýtt fjármuni með öðrum hætti.

LAGANEFND LMFÍ

Hér bendir laganefnd á eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi kann að vera óljóst til hvers verið er að vísa með „lögum um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir“. Hafi ætlunin verið að vísa til laga nr. 93/2008 um *framkvæmd* alþjóðlegra þvingunaraðgerða, færi að mati laganefndar betur á því að það væri berum orðum tekið fram.

Í öðru lagi kann að vera óskýrt til hvers er verið að vísa með „lista yfir þvingunaraðgerðir“ í ákvæðinu. Hugtakið virðist ekki sérstaklega skilgreint í frumvarpinu, sbr. það sem áður hefur komið fram.

Þá hefur 8. gr. frumvarpsins að geyma ákvæði um að heimilt sé að hefja rannsókn á aðila samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sakamála ef til staðar er réttmætur grundvöllur eða réttmætar ástæður til að ætla að hann uppfylli skilyrði fyrir skráningu á „lista yfir þvingunaraðgerðir“. Af þessu má ætla að mjög íþyngjandi kunni að vera fyrir aðila að vera skráður á lista yfir þvingunaraðgerðir. Þrátt fyrir mikilvægi þess að rétt sé staðið að skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir, fær laganefnd ekki séð að skilyrði slíkrar skráningar komi með beinum hætti fram í frumvarpinu, þótt e.t.v. megi ráða þau af öðrum ákvæðum frumvarpsins, t.d. 9. gr. Æskilegra væri, í ljósi þess hve íþyngjandi ákvæðið er að skilyrðin kæmu berum orðum fram í 8. gr. og enginn vafi væri á því hver þau væru.

Í þriðja lagi telur laganefnd rétt að athugað verði hvort það standist örugglega lagaáskilnaðarreglur stjórnarskrár að gert sé ráð fyrir að fyrirmæli ályktunar um íþyngjandi þvingunaraðgerðir séu innleiddar með reglugerð.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins að Ríkisskattstjóri hafi eftirlit með því að lögmenn, sbr. m-lið 2. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka fari að ákvæðum 4. og 7. gr. frumvarpsins.

Laganefnd bendir á að stjórn LMFÍ hefur lýst yfir sérstökum áhyggjum af því að ekki sé gætt að sjálfstæði lögmennsstéttar með setningu laganna, sbr. eftirfarandi ályktun.:

„Á stjórnarfundum Lögmannafélags Íslands (LMFÍ), sem fram fór þann 5. september sl., var samþykkt, í tengslum við smíði umsagnar um drög dómsmálaráðuneytisins að frumvarpi til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, að koma á framfæri mikilvægi þess að sjálfstæði lögmennsstéttarinnar verði gætt í hvívetna. Stjórn LMFÍ telur eðlilegt að eftirlit með lögmönnum verði í höndum félagsins. LMFÍ er tilbúið til viðræðna um nánari útfærslu á slíku eftirliti, en nákvæmar tillögur um tilhögun eftirlits liggja ekki fyrir.“

Laganefnd LMFÍ tekur undir framangreinda ályktun stjórnar félagsins.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ

Geir Gestsson, formaður

Jón Gunnar Ásbjörnsson